

Alþingi  
Erindi nr. P 127/404  
komudagur 7.12.2001

Alþingi  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
Alþingihúsinu v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340  
netfang: postur@dkm.stjr.is  
veffang: <http://www.stjr.is/dkm>

Reykjavík, 6. desember 2001

Tilvísun: DKM01110267/000/DS/--


Vísað er til erindis dags. 21. nóvember síðastliðinn, sem barst ráðuneytinu þann 23. sama mánaðar, þar sem óskað er eftir að ráðuneytið veiti umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, með tilvísuninni: 22. mál, kynlífsþjónusta, klám.


Ráðuneytið vill benda á að um þessar mundir situr að störfum nefnd, skipuð af dómsmálaráðherra í samráði við ríkisstjórn Íslands, sem hefur það hlutverk að kanna ítarlega þau málefni sem snúa að vændi og kynferðislegri misnotkun og hvort þörf sé á breytingum á núgildandi refsilöggjöf. Nefndin er um það bil að ljúka störfum og er skýrslu að vænta innan skamms. Flest þeirra atriða sem frumvarp þetta lýtur að hefur nefndin tekið til skoðunar og tekið afstöðu til. Sem dæmi má nefna að eitt af þeim viðfangsefnum var að kanna hvernig reynslan af sambærilegu ákvæði og lagt er til að verði lögfest með 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, hefði verið í Svíþjóð. Í því skyni aflaði nefndin upplýsinga úr skýrslu BRÁ (Brottsförebygganda rådet) nr. 4 frá árinu 2000 sem fjallar um hvernig hin nýja löggjöf hefur reynst þar í landi. Í þeirri skýrslu er bent á ýmsa kosti sem löggjöfin hefur haft í för með sér og jafnframt ýmsa vankanta hennar. Ráðuneytið telur að slík rannsókn sé nauðsynleg áður en sú breyting á almennum hegningarlögum sem lögð er til í frumvarpinu fari fram, en ekki verður ráðið af frumvarpinu að þess háttar rannsókn búi því að baki.

Það er skoðun ráðuneytisins að ekki sé tímabært að kveða á um þær breytingar sem felast í því frumvarpi sem það hefur nú til umsagnar. Af því leiðir að ráðuneytið mun ekki á þessu stigi gera athugasemdir við einstaka efnisþætti frumvarpsins.

Það upplýsist jafnframt að eftir að nefndin hefur skilað skýrslu sinni til dómsmálaráðherra mun í samráði við refsiréttarnefnd verða hafist handa við að semja frumvarp með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar.

F. h. r.

  
Björg Thorarensen

  
Dís Sigurgeirsdóttir